

Laugardaginn 18. janúar 1992.

Nr. 137/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Herði Valssyni

(Sigurmar K. Albertsson hrl.).

Líkamsárás. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1991 að ósk ákærða. Einnig var áfrýjað af hálfu ákærvaldsins og þess krafist, að ákærði yrði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar, sem yrði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi. Þá yrði ákvæði dómsins um bætur og vexti staðfest, þó þannig, að miskabætur yrðu ákveðnar 200.000 krónur. Loks var krafist greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar, m.a. saksóknarlauna í ríkissjóð.

Hinn skipaði verjandi ákærða hér í dómi krafðist aðallega ómerkingar ákæru og héraðsdóms og frávísunar frá Hæstarétti, til vara sýknu og til þrautavara vægustu refsingar, sem lög leyfa, og lækunar bóta. Loks var krafist málsvarnarlauna til verjanda.

I.

Ómerkingarkrafa sú, sem sett hefur verið fram af hálfu ákærða, er byggð á því, sem fram kemur í héraðsdómi, að fulltrúi ríkissaksóknara ritaði bréf til sakadóms Reykjavíkur 26. september 1989 og heimilaði að ljúka málinu með dómsátt. Áður hafði lögreglurannsókn farið fram. Ákærði hafnaði sáttaboðinu, enda kvaðst hann saklaus af brotinu, sem hann var sakaður um. Þá mótmælti hann bótakröfu, sem fyrir lá. Með bréfi til sakadóms 14. desember 1989 lýsti fulltrúi ríkissaksóknara því yfir, að ekki væri krafist frekari aðgerða í málinu af ákærvaldsins hálfu.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að eftir þetta hafi ekki mátt taka málið upp á ný, gefa út ákæru og dæma, enda séu ekki uppfyllt skilyrði þau, sem sett eru í 42. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð

opinberra mála. Ljóst hafi verið, að nýr vitnisburður hafi ekki skipt sköpum og unnt hafi verið að koma bótakröfu fram í einkamáli.

Ríkissaksóknari byggir á því, að heimilt hafi verið að taka rannsókn upp að nýju eftir 42. gr. laga nr. 74/1974, enda hafi nýtt vitni gefið sig fram, sem var starfsmaður í veitingahúsi því, sem síðar greinir.

Staðfesta ber þá niðurstöðu sakadómara, að heimilt hafi verið að hefja rannsókn að nýju, sbr. 42. gr. laga nr. 74/1974.

Í áðurnefndu bréfi, sem heimilaði dómsátt, var talið, að ákærði hefði brotið 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í ákæru er brotið talið varða við 1. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Þessi munur á heimfærslu leiðir ekki til ómerkningar héraðsdóms. Bar sakadómara að leggja ákærana til grundvallar, eins og hann gerði.

II.

Vitnið Ívar Guðjónsson varð fyrir meiðslum í danssal á Hótel Borg í Reykjavík aðfaranótt 15. janúar 1989. Um sama leyti kvölds átti hann og félagi hans samskipti við ákærða og fleira fólk og urðu stimpingar á dansgólfinu. Sakadómarrinn, sem kvað upp héraðsdóm, tók sjálfur skýrslur af ákærða svo og Ívari og 6 öðrum vitnum, áður en hann tók afstöðu til þess, hvort sannað teldist, að ákærði hefði veitt Ívari áverka. Eru ekki efni til að hnekkja í Hæstarétti niðurstöðu héraðsdómara, eins og á stendur, og ber að staðfesta héraðsdóminn um sakarmat svo og um heimfærslu til refsíákvæðis og refsingu. Einnig ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um bótagreiðslu.

Samkvæmt þessu verður ákærða gert að greiða áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Hörður Valsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Sigurmars K. Albertssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 27. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 88/1991: Ákærvaldið gegn Herði Valsyni, sem tekið var til dóms 25. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. f.m., á hendur ákærða, Herði Valssyni, Hraunbæ 168 hér í borg, fæddum 27. júlí 1966, fæðingarnúmer 307.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa á dansleik á Hótel Borg, Pósthússtræti 11, Reykjavík, aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 sparkað í andlit Ívars Guðjónssonar, kt. 280768-4489, með þeim afleiðingum, að tvær framtennur Ívars brotnuðu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar”.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 16. janúar 1989 kom Ívar Guðjónsson, þá að Vesturbergi 72 í Reykjavík, á fund Rannsóknarlögreglu ríkisins þeirra erinda að kæra ákærða, Hörð Valsson, fyrir líkamsárás, sem átt hefði sér stað um klukkan 3 aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar næst á undan í samkomusal á Hótel Borg í Reykjavík. Samkvæmt kæru Ívars höfðu áður orðið deilur á milli Ívars og ákærða og samferðafólks þeirra á staðnum, og verður gerð grein fyrir þeim síðar, er rakinn verður framburður ákærða og vitna.

Samkvæmt kærunni höfðu brotnað tvær framtennur í Ívari, önnur í efri og hin í neðri gómi. Þá hafði hann hlotið minni háttar áverka annars staðar á líkamanum að eigin sögn.

Samkvæmt frásögn Ívars hafði ákærði gripið fyrirvaralaust um höfuð Ívari, beygt það fram og rekið um leið annað hnéð í andlit Ívari, sem við það féll í gólfið með framangreinda áverka.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna, fyrst framburði kæranda.

Vitnið Ívar Guðjónsson, Seljabraut 24 í Reykjavík, kveðst hafa verið að skemmta sér á dansleik á Hótel Borg aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 ásamt félaga sínum, Magnúsi Rafnssyni. Rétt fyrir kl. 3 um nóttina voru vitnið og Magnús að dansa við tvær stúlkur í þröng á dansgólfinu í samkomusalnum. Rétt hjá þeim voru nokkur pör að dansa, og þekkti vitnið þetta fólk ekkert. Einhver í þessum hópi var að hrinda vitninu til á dansgólfinu án nokkurs tilefnis. Vitnið bað fólkið án árangurs að hætta þessu. Þá sneri vitnið sér snögg við og ýtti með hendi við einhverri stúlk-

unni. Vitnið kannast ekki við að hafa slegið hana í andlitið. Í framhaldi af þessu skipti engum togum, að piltur úr hópnum réðst að vitninu og greip báðum höndum um handleggi vitnisins framan frá og kreisti fast. Í framhaldi af því hvíslaði hann að vitninu, að ef hann væri ekki með stúlkunni sinni, myndi hann „stúta“ vitninu. Rétt á eftir sleppti pilturinn vitninu, sem brá við þetta, en hélt áfram að dansa.

Eftir að framangreint gerðist, varð Magnús, félagi vitnisins, mjög æstur og vildi tala við piltinn og féлага hans, en vitnið reyndi að fá hann ofan af því og hélt honum, en sleppti síðan eftir stutta stund. Magnús átti síðan einhver orðaskipti við piltana, en allt í einu birtist þriðji pilturinn og réðst á Magnús, og féllu þeir í gólfíð. Vitnið horfði á þetta án þess að eiga hlut að átökunum, en þá allt í einu tók ákærði um vitnið og greip um höfuð því, beygði það fram og rak um leið annað hnéð í andlit vitninu, sem féll í gólfíð. Vitnið er öruggt um það, að það var ákærði, sem veitti því áverkann og enginn efi á því.

Vitnið var alblóðugt í andliti eftir höggið, og eftir að það hafði farið fram í eldhús og þvegið sér um andlitið, hélt það ásamt Magnúsi á fund lögreglunnar, sem flutti vitnið á slysavardstofuna. Vitnið fann mjög fljótlega eftir höggið, að tvær framtennur, önnur í efri og hin í neðri gómi, voru brotnar niðri við rót.

Vitnið kveðst hafa kannast við svipinn á árásarmanninum og vissi, að félagi hans hafði verið í sama skóla og vitnið. Með þessum hætti hafði vitnið uppi á nafni ákærða og heimilisfangi. Hélt það næsta dag heim til ákærða um kvöldið með féлага sínum, Magnúsi, og höfðu þeir tal af ákærða á heimili hans, en þar var einnig staddur Sverrir, félagi ákærða, sem vitnið kannaðist við úr skóla. Vitnið bar það upp á ákærða, að hann hefði valdið sér framangreindum áverka. Vitnið segir tilefni fararinnar heim til ákærða hafa verið að fá staðfestingu á því, að hann væri árásarmaðurinn, og einnig að leita eftir afstöðu hans til greiðslu bóta fyrir líkamlegt tjón vitnisins. Vitnið kveðst hafa sýnt ákærða tannmissinn og sagt honum, að þetta hefði hlotist af viðskiptum þeirra kvöldið áður. Svar ákærða við þessu var það, að þetta hlytist af því að vera með einhvern skæting. Ekki man vitnið, hvað félagi ákærða sagði. Vitnið segir, að viðhorf ákærða sjálfs til málsins hafi breyst, þegar farið var að tala um möguleika þess, að tryggingar greiddu tjónið. Vildi ákærði þá allt fyrir vitnið gera.

Vitnið segir, að framburður ákærða fyrir dóminum sé verulega skrumskældur. Vitnið kannast ekki við að hafa slegið unnustu ákærða í andlitið. Vitnið segir, að ákærði hafi gert meira en ræða við sig eftir áreksturinn á dansgólfinu, hann hafi gert það, sem vitnið hefur áður lýst. Vitnið man ekki eftir því, að ákærði byði því sættir á dansgólfinu. Vitnið segir, að framburður ákærða um það, að vitnið hafi dottið í gólfíð í ryskingum

Magnúsar og ókunna mannsins, sé eins langt frá raunveruleikanum og hægt sé. Vitnið mótmælir því, að mjög skuggsýnt hafi verið, þar sem árásin hafi orðið, þar hafi verið besta lýsingin í salnum og fæst fólkið. Vitnið heldur því fram, að það hafi verið mjög lítið ölvað umrætt sinn.

Vitnið segir, að mörgum mánuðum eftir umræddan atburð hafi það frétt, að Arnar Ólafsson hefði séð umræddan atburð. Hafði vitnið þá samband við hann, og nokkru síðar lét vitnið ákærvaldið vita um þetta vitni.

Vitnið segir, að stúlkurnar, sem voru að dansa við þá félaga, hafi ekki verið viðstaddar, þegar árásin varð.

Vitnið telur, að ákærði hafi verið ölvaður, en treystir sér ekki til að meta ölvunarástand hans.

Ákærði segir ákærana ranga, og kannast hann ekki við að hafa gerst sekur um það að sparka í andlit Ívari Guðjónssyni með þeim afleiðingum, að tvær framtennur Ívars brotnuðu.

Ákærði kannast við að hafa verið á dansleik á Hótel Borg aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 og var þar ásamt Sverri Eyjólffssyni, Helgu Margréti Reykdal og unnustu sinni, Ingibjörgu Lilju Halldórsdóttur.

Um kl. 2.45 um nóttina voru þau öll fjögur að dansa á troðfullu dansgólfinu. Rákust þá saman unnusta ákærða og maður nokkur, og gerðist þetta oftár. Af þessari ástæðu áttu maðurinn og unnusta ákærða einhver orðaskipti, sem enduðu með því, að maðurinn sló unnustu ákærða í andlitið. Ákærði ræddi um þetta við manninn og spurði, hvað ætti að þýða að slá kvenmann. Maðurinn brást illa við þessu og hellti yfir ákærða sviðingum. Ákærði vildi gleyma þessu atviki, og skyldu þeir takast í hendur því til staðfestu. Þetta vildi maðurinn ekki og taldi ákærða ruglaðan að láta sér detta í hug, að hann myndi taka í hönd ákærða.

Eftir framangreint hurfu ákærði og þau þrjú, sem með honum voru, í annan enda salarins og töldu málinu lokið. Þessu var þó ekki að heilsa, því að stuttu síðar kom maðurinn og félagi hans með honum. Félaginn sneri sér að ákærða og spurði hann, hvort hann hefði verið að abbast upp á vin sinn. Ákærði varð undrandi og spurði á móti, hvort málið væri ekki úr sögunni. Hinn hélt nú ekki og greip í hálsmál ákærða. Í framhaldi af þessu urðu stimpingar á milli þeirra þriggja og orðahnippingar. Um þetta leyti fóru stúlkurnar tvær, sem voru með ákærða og Sverri, til þess að sækja dyraverði. Eftir að þær voru farnar, bar að fjórða manninn, sem ákærði veit engin deili á. Kom hann að hægri öxl ákærða aftan frá. Stökk maður þessi á félaga mannsins, sem átt hafði upphaflega í útistöðum við ákærða. Hélt hann þá taki á ákærða, og í framhaldi af þessu dattu þeir báðir í gólfid og einnig maðurinn, sem síðar reyndist vera Ívar Guðjónsson. Ákærði sá, að aðkomumaðurinn lá efstur á gólfinu innan um borð og stóla. Ekki tók ákærði eftir því, hvar Ívar lá í þvögunni, en skuggsýnt var í

salnum. Ákærði og félagi hans ákváðu í framhaldi af þessu að yfirgefa samkomuhúsið til að koma í veg fyrir frekari viðskipti við framangreinda menn. Ákærði kveðst ekki hafa átt neinn þátt í því, að mennirnir duttu, og ekki féll ákærði í gólfið. Ekki sá ákærði neinar barsmiðar, eftir að mennirnir höfðu fallið í gólfið.

Ákærði segir, að bæði Ívar og félagi hans hafi verið mikið drukknir, sérstaklega félagi Ívars. Var þetta ástæðan til þess, að ákærði vildi fara á brott og forðast mennina.

Vitnið Magnús Rafnsson, Vesturbergi 74 í Reykjavík, kveðst hafa verið aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 að dansa ásamt Ívari Guðjónssyni og tveimur dömum á mannmörgu dansgólfi á Hótel Borg. Vitnið segir, að Ívar hefði haft á orði við sig, að einhver dama væri alltaf að ýta á bakið á honum. Ekki varð vitnið sérstaklega vart við það sjálft, að ýtt væri á það. Þegar þeir félagar fóru af dansgólfinu, hafði Ívar orð á því, að einhver piltur hefði tekið um handleggi sér og kreist. Ekki man vitnið, hvort það fylgdi með, að pilturinn hefði átt orðastað við Ívar.

Framangreint leiddi til þess, að vitnið vildi tala við piltinn, sem hafði kreist handleggina á Ívari, en hann var því mótfallinn. Vitnið lét sér ekki segjast og náði skömmu síðar tali af piltinum og blótaði honum. Heldur vitnið, að það sé ákærði, sem það sér í dómnum. Um svipað leyti kom að þriðji aðili, sem vitnið þekkti ekki þá, og réðst hann að vitninu og felldi það í gólfið með hrindingu. Í framhaldi af því lagðist umræddur aðili ofan á vitnið á gólfinu, og veltust þeir eitthvað um á gólfinu. Segir vitnið, að Ívar hafi staðið og horft á þetta án þess að hafast að. Einhverjir aðilar komu og drógu vitnið og þann, sem felldi það, í sundur á gólfinu. Á meðan verið var að gera það, sá vitnið, að ákærði tók um höfuð Ívari, beygði það niður og sparkaði með hnénu í andlit honum. Við þetta tók Ívar um andlitið, sem vitnið sá, að var blóðugt. Hann hélt síðan fram í eldhús og bað vitnið að svipast um eftir árásarmanninum. Hélt vitnið fram í anddyrið í þessum tilgangi, og þar sá vitnið þann, sem hafði ráðist á það. Hann tók í vitnið og sagði því, að það ætti ekki að skipta sér af svona hlutum. Fleira fór þeim ekki á milli, en vitnið sá ekki árásarmanninn.

Vitnið fór næsta dag með Ívari heim til ákærða, sem hann var þá búinn að fá að vita, að væri árásarmaðurinn. Spurði Ívar ákærða, hvort hann kannaðist við atvikið, og gerði hann það. Ívar sagði ákærða, að hann hygðist kæra hann. Ákærði sagði fátt við því, svo að vitnið muni.

Vitnið sá ekki til Ívars á dansgólfinu, að hann slægi til stúlku þar.

Vitnið segir, að Hallfríður, sem búi á Njálsgötu og vinni á kjúklingastað í Faxafeni, viti, hver það var, sem réðst á vitnið umrætt sinn.

Vitnið Sverrir Eyjólfsson, Hraunbæ 168 í Reykjavík, kveðst umrætt sinn hafa verið ásamt ákærða og tveimur dömum að dansa laust fyrir kl. 3 á

troðfullu og dimmu dansgólfi á Hótel Borg. Voru þau stödd á miðju dansgólfinu, og sá vitnið Ívar Guðjónsson ýta við unnustu ákærða. Vitnið segist ekki muna í dag, hvort unnustan hafi ýtt á móti. Vitnið segir, að Ívar hafi brugðið hendinni fyrir sig á enni unnustunnar. Vitnið man ekki, hvort hann ýtti eða sló á ennið. Í framhaldi af þessu urðu einhver orðaskipti milli vitnisins og Ívars, en ekki man vitnið, hvernig hann tók því. Hins vegar tók félagi Ívars þessu illa. Nokkru síðar voru vitnið og samferðafólk þess stödd í öðrum enda danssalarins, þegar Ívar og félagi hans komu þangað, og var félagi Ívars æstur, og urðu einhver orðaskipti milli þeirra allra fjögurra piltanna. Á meðan á þessu stóð, kom aðvifandi óviðkomandi piltur, sem stökk á Magnús, og féll hann í gólfið, en ekki man vitnið, hvort umræddur aðili féll líka í það. Segir vitnið, að um leið og Magnús féll í gólfið, hafi Ívar einnig fallið í það, og sá vitnið, að Magnús tók hann með í fallinu, en vitnið stóð beint fyrir framan þá.

Vitnið sá ekki, að ákærði tæki á Ívari, svo að það muni. Vitnið segir, að það hafi séð Ívar rekast á borð eða stól með allan líkamann, þegar hann var að falla í gólfið.

Vitnið segir, að Ívar hafi verið ölvaður, en það sá ekki slík merki á ákærða.

Vitnið fullyrðir, að það hafi allan tímann fylgst svo með ákærða, að það geti fullyrt, að hann hafi ekki með einum eða öðrum hætti getað valdið Ívari Guðjónssyni broti á þeim tveim tönnum, sem um ræðir í máli þessu.

Vitnið Arnar Ólafsson, Haukanesi 10 í Garðabæ, kveðst hafa verið veitingastjóri á Hótel Borg og man eftir því, að nótt eina í janúar 1989 sá það Ívar Guðjónsson, sem það kannast við, en þeir eru ekki kunningjar. Sá vitnið, að Ívar var í átökum við einhvern annan mann, sem það þekkti ekki. Vitnið sá ekki upphaf þessara átaka, en sá manninn, sem var í átökunum við Ívar, leggja til hans og í framhaldi af því, að Ívar greip fyrir andlit. Vitnið sá ekki, hvort maðurinn sparkaði eða barði Ívar, en vitnið fór til Ívars og sá, að hann var blóðugur í andliti. Fylgdi vitnið Ívari fram í eldhús og hjálpaði honum að þvo blóðið framan úr sér. Vitnið sá ekki upp í Ívar og að brotnar væru úr honum tennur. Vitnið segir, að árásarmaðurinn hafi rokið í burtu, eftir að Ívar hafði hlotið áverkann. Vitnið treystir sér ekki til að þekkja umræddan mann aftur. Segir vitnið, að maðurinn hafi verið hár og með ljósan háralit.

Vitnið sér ákærða í dóminum og treystir sé ekki til að segja til um, hvort hann sé maðurinn, sem lagði til Ívars umrætt sinn.

Vitnið minnst þess ekki að hafa séð önnur átök, þegar framangreint var að gerast.

Vitnið segir, að Ívar Guðjónsson hafi hringt til þess einhvern tíma eftir umræddan atburð og spurt það, hvort það hefði ekki orðið vitni að um-

ræddum atburði, og svaraði vitnið því játandi. Nokkrum vikum síðar hafði rannsóknarlögreglan samband við vitnið.

Vitnið Ingibjörg Lilja Halldórsdóttir, Viðihlíð 15, Reykjavík, er unnusta ákærða. Vitnið óskar ekki eftir að nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði.

Vitnið kveðst umrætt sinn hafa verið á dansgólfinu á Hótel Borg að dansa við unnusta sinn, ákærða Hörð Valsson, og var mikil þröng á gólfinu. Meðal annarra, sem þar voru að dansa við dömur, voru tveir piltar, sem mikið fór fyrir. Vitnið sneri baki í annan þessara pilta, sem vitnið þekkti ekki þá, en veit nú, að heitir Ívar, en hann var alltaf að hrinda vitninu, sem ekki hafði bragðað áfengi. Þegar vitninu var hrint, lenti það oftast á vini ákærða, Sverri. Vitnið reyndi að ýta Ívari frá sér, þar sem það stóð kyrrt á dansgólfinu. Einnig hrinti Ívar vitninu, svo að það lenti á Helgu, vinkonu sinni. Gekk þá vitnið að Ívari, sem spurði mjög grimmdarlega, hvað væri eiginlega að því og hvort vitnið sæi ekki, að hann væri að dansa hérna. Vitnið spurði á móti, hvort það mætti ekki gera það líka. Við þessi ummæli vitnisins lyfti Ívar annarri hendi og hristi fingurna framan í vitnið, en sló síðan með handarbakinu í enni þess. Við þetta hrasaði vitnið frá Ívari, og minnir vitnið, að Sverrir hafi sagt við Ívar, hvað væri eiginlega að honum og hvort hann væri að berja stelpuna. Við þessi ummæli varð Ívar trylltur, og hélt vitnið, að hann myndi berja sig aftur. Vitnið kveðst nú hafa snúið sér að Helgu og spurt hana, hvort hún hefði séð, hvað Ívar hefði gert. Ekki fékk vitnið svar við því, en ákærði það vitnið að vera rólegt. Það kveðst ekki hafa verið reitt, heldur undrandi.

Vitnið kveðst hafa séð ákærða ræða við Ívar, og var ákærði að reyna að róa hann. Hann var mjög æstur og tók ekki tilboði ákærða um að gleyma atvikinu með handsali.

Eftir að þetta gerðist, fóru ákærði, Helga og Sverrir á brott frá Ívari, en vitnið varð eftir að ræða við hann og var m.a. að reyna að útskýra fyrir honum, að ákærði vildi sættast við hann, en Ívar sagði, að hann hefði ekkert gert ákærða. Þessu svaraði vitnið á þann veg, að Ívar hefði barið sig, en hún væri unnusta ákærða og því ekki óeðlilegt, að honum sárnaði. Vitnið segir, að Ívar hafi þá sagt, að hann hafi talið, að vitnið hefði barið sig. Eftir þetta taldi vitnið þýðingarlaust að ræða við Ívar og hélt á brott til hinna, sem voru stödd annars staðar í danssalnum, og fóru þau að dansa þar. Var um rólegan dans að ræða, og meðan á honum stóð, komu Ívar og félagi hans til þeirra fjögurra. Gengu þeir beint til ákærða, og þegar þeir komu þangað, greip félagi Ívars, sem vitnið veit nú, að heitir Magnús, í hálsmál ákærða og spurði hann, hvort hann hefði verið að „abbast“ upp á vin sinn. Jafnframt sagði Magnús, að hann ætlaði sér að ganga frá ákærða. Um leið og þetta var að gerast, hrinti Ívar ákærða frá sér, en þegar það gerðist, hélt Magnús enn í hálsmál ákærða. Jafnframt því að

hrinda ákærða lét Ívar þau orð falla, að ákærði væri skíthæll og hvort hann héldi, að hann væri hræddur við hann. Þegar hér var komið, sagði vitnið við vinkonu sína, að þau skyldu drífa sig út. Hélt vinkonan þá af stað og ætlaði fram í fatahengi. Sneri hún þá baki við deiluaðilum. Þegar Helga var lögð af stað, sagði vitnið við ákærða, hvort þau ættu ekki að fara út. Samþykkti hann það. Þegar hann var að samþykkja það, hélt Magnús enn í hálsmál hans, og beindi vitnið því orðum sínum til Magnúsar og sagði við hann eitthvað á þá leið, að hann skyldi hætta þessu. Svar Magnúsar var það, hvort það, druslan, væri ennþá þarna. Við þessi ummæli reiddist vitnið og hélt af stað áleiðis fram í fatahengið. Þegar vitnið hafði gengið nokkur skref áleiðis fram, sneri það sér við og leit aftur til deiluaðila og sá þá Ívar liggja í gólfinu. Vitnið tók ekki eftir öðrum í gólfinu. Ákærði kom nú til vitnisins ásamt Sverri, og gengu þau öll þrjú fram í fatahengið og fóru á brott úr húsinu.

Vitnið segir, að það hafi áreiðanlega snúið baki við Ívari, þegar hann féll í gólfið, og því ekki séð aðdraganda þess, að það gerðist. Þá segist vitnið ekki hafa séð blóð á fötum ákærða eftir samskipti hans við Ívar.

Vitnið Helga Margrét Reykdal, Hlíðartúni 7 í Mosfellsbæ, kveðst hafa verið ásamt ákærða, unnustu hans og Sverri Eyjólfsyni að dansa laust fyrir kl. 3 aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 á troðfullu og dimmu dansgólfi á Hótel Borg. Þegar þau voru þarna, sagði Ingibjörg Lilja við vitnið, hvort það hefði séð, hvað piltur á dansgólfinu hefði gert við sig, og benti jafnframt á Ívar Guðjónsson og sagði, að hann hefði slegið sig á ennið. Vitnið kveðst sjálfst ekki hafa séð þennan atburð. Eftir að ákærði hafði heyrt um þetta, gekk hann til Ívars og ræddi við hann, en ekki heyrdi vitnið, hvað þeim fór á milli. Vitnið sá hins vegar, að ákærði rétti fram hönd í átt til Ívars, og tók það svo, að hann vildi taka í hönd honum. Látbragð Ívars við þessu var á þann veg, að hann vildi ekki taka í hönd ákærða. Eftir þetta fóru vitnið og þau þrjú, sem með því voru, í annan enda danssalarins. Voru þau að dansa þar, þegar Ívar og félagi hans komu þangað, og sá vitnið féлага Ívars, sem vitnið vissi, að hét Magnús, grípa í hálsmál ákærða og að einhver orð féllu á milli þeirra, en ekki heyrdi vitnið orðaskil. Þegar hér var komið, hélt vitnið áleiðis fram í fatahengi og sá ekkert eftir það, sem gerðist á milli ákærða, Ívars og Magnúsar. Næst sá vitnið Ívar fyrir utan danshúsið, þegar vitnið var að búast til heimferðar. Vitnið sá aftan á Ívar í þetta skipti og sá því ekki, hvort hann var blóðugur í andliti.

Vitnið Hallfríður Brynjólfsdóttir, Njálsgötu 87 í Reykjavík, staðfestir, að það vinni á kjúklingastað við Faxafen í Reykjavík. Það kveðst kannast við Ívar Guðjónsson og kveðst einu sinni fyrir alllöngu hafa séð hann að næturlagi á Hótel Borg blóðugan í andliti.

Vitnið segist hafa séð mann koma að Magnúsi Rafnssyni rétt áður, en vitnið þekkir Magnús, og sá vitnið mann þennan stökkva á Magnús og fella hann í gólfið. Um leið féll Ívar í gólfið, þar sem Magnús féll utan í hann. Vitnið kveðst hafa séð, að Ívar var blóðugur, þegar hann stóð upp. Vitnið var svo nálægt, þegar þetta gerðist, að það segir, að það hefði fallið í gólfið með þeim, ef það hefði ekki verið nýbúið að færa sig til. Vitnið veit engin deili á manni þeim, sem stökk á Magnús umrætt sinn. Vitnið kveðst kannast við ákærða, og segir vitnið, að hann og félagi hans hafi rétt fyrir umræddan atburð, þegar maðurinn birtist, staðið andspænis Ívari og Magnúsi. Síðan sá vitnið Magnús grípa í hálsmál ákærða framan frá. Í beinu framhaldi af því birtist framangreindur maður. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki fallið í gólfið með hinum tveimur. Vitnið er rækilega spurt að því, hvort það geti fullyrt, að það hafi allan tímann haft augun á ákærða, svo að það geti útilokað, að hann hafi veitt Ívari Guðjónssyni áverka í andliti umrætt sinn. Vitnið kveðst hafa horft á ákærða allan tímann og aldrei misst á honum sjónar og geti því fullyrt, að hann hafi ekki þarna á gólfinu, eftir að maðurinn réðst á Magnús, valdið Ívari áverkum í andliti. Vitnið kveðst ekki hafa litið af ákærða, fyrr en hann hvarf á brott, eftir að mennirnir þrír höfðu fallið í gólfið.

Ákærði og vitnið Ívar voru samprófaðir um misræmið í framburði þeirra. Samprófun bar ekki árangur, og hélt hvor um sig fast við framburð sinn.

Í vottorði Tryggva Þorsteinssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dagsettu 12. apríl 1989, segir svo um komu Ívars Guðjónssonar á deildina:

„P. 15/1 '89 kl. 04.16 var komið með framangreindan Ívar Guðjónsson hingað á slysad. Bsp. til rannsóknar á meiðslum, sem hann hafði hlotið fyrr um nóttina. Var Ívar fluttur hingað á Bsp. í lögreglubíl. Ívar skýrði svo frá, að sparkað hefði verið í andlit hans, en nánari tildrög þessa árásmáls er ekki að finna í plöggum Ívars í slysad. Við höggið brotnuðu framtennur úr neðri gömi. Ekki var að finna los á öðrum tönnum. Aðrir áverkar komu ekki fram við þessa skoðun. Ívari var bent á að leita til tannlæknis strax daginn eftir. Ívar fékk að fara heim að rannsókn lokinni.”

Vitnið Ívar leitaði til Magnúsar Torfasonar tannlæknis næsta dag, og segir svo í vottorði hans, dags. 18. maí 1989, um mál Ívars:

„Sj. kom 16/1 '89 með brotnar tennur, +1 og -1. Kostnaður við rótþyllingar, fyllingar og krónu á þessar tennur er nú kominn í kr. 53.290. Miðað við núverandi ástand er möguleiki á, að smíða verði postulínskrónu á +1. Kostnaður við það miðað við verðlag í dag kr. ca. 30.000. Gera má ráð fyrir, að endurnýja þurfi krónurnar a.m.k. einu sinni á ævinni, og verð á krónu er samanber ofan 30.000 (x 2). Að öðru leyti er erfitt að meta framhaldið, t.d. rótþyllingar, en telja verður núverandi ástand tanna þokka-

legt fyrir utan spurninguna um krónusmiðina, sem ég tel ekki æskilega, eins og á stendur, en gæti komið til greina seinna.”

Ríkissaksóknari heimilaði með bréfi, dagsettu 26. september 1989, að ljúka máli ákærða með dómsátt, enda féllist hann á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og skaðabóta og ágreiningur um þær tefði ekki meðferð málsins.

Ákærði hafnaði framangreindu boði í dóminum 6. nóvember 1989 og kvaðst saklaus af því, sem hann væri grunaður um. Var málið við svo búið sent ríkissaksóknara að nýju, og með bréfi, dagsettu 14. desember 1989, tilkynnti hann dóminum, að eigi væri krafist frekari aðgerða í málinu af ákærvaldsins hálfu.

Vitnið Arnar Ólafsson hringdi síðar í fulltrúa ríkissaksóknara og bar, að það hefði orðið vitni að atburðinum. Var Rannsóknarlögreglu ríkisins þá ritað bréf hinn 5. nóvember sl. og þess beiðst, að vitnið Arnar yrði yfirheyrt. Það var síðan gert næsta dag og í framhaldi af því höfðað mál þetta. Var það heimilt, enda lágu fyrir nýjar upplýsingar í málinu.

Niðurstöður.

Sannað er með vottorðum lækna og framburði vitnanna Ívars, Magnúsar, Arnars og Hallfríðar, að vitnið Ívar varð fyrir meiðslum umrædda nótt á Hótel Borg, er í því brotnuðu tvær tennur. Þá er einnig sannað með framburði framangreindra vitna, að vitnið Ívar hlaut þessi meiðsli í framhaldi af átökum, sem urðu í samkomusalnum á milli vitnisins Magnúsar og óþekkts manns og að vitnið Ívar féll í gólfíð í framhaldi af þeim.

Ákærði hefur staðfastlega neitað sakargiftum. Óumdeilt er, að deilur voru með ákærða og unnustu hans annars vegar og vitnunum Ívari og Magnúsi hins vegar, áður en vitnið Ívar á að hafa hlotið þann áverka, sem ákærða er gefið að sök að hafa veitt honum. Hins vegar eru aðilar ekki á eitt sáttir um það, hvernig upphaf deilnanna hafi verið, og um einstök atriði í því sambandi.

Vitnin Ingibjörg Lilja og Helga Margrét höfðu ekki aðstöðu til þess að sjá, þegar vitnið Ívar hlaut þau meiðsli, sem um ræðir í máli þessu. Er vætti þessara vitna því gagnslaut að þessu leyti.

Ákærði neitar, eins og áður greinir, að atburðarásin hafi í lokin orðið eins og vitnin Ívar og Magnús bera. Þá bera vitnin Sverrir og Hallfríður bæði á þann veg, að þau hafi fylgst svo með ákærða, að hann hafi ekki getað valdið áverkanum. Andstæður þessum framburði er framburður vitnanna Ívars og Magnúsar, sem bera afdráttarlaust með sama hætti um það, hvernig vitnið Ívar hlaut áverkana, og fær framburður þeirra stoð í framburði vitnisins Arnars. Til styrktar þessum framburði kemur það mat dómsins, að afar ósennilegt er, að tvær framtennur, önnur í efri og hin

í neðri gómi, hafi getað brotnað í vitninu Ívari við það eitt að falla í gólfíð, jafnvel þótt hann hefði í fallinu rekist utan í húsgögn.

Þegar allt er virt í heild, sem nú var rakið, er með læknisvottorðum og vætti vitnanna Ívars og Magnúsar, sem stutt er vætti vitnisins Arnars, þrátt fyrir framburð ákærða, sem fær stoð í framburði vitnanna Sverris og Hallfríðar, sannað, að ákærði hefur valdið vitninu Ívari þeim áverkum, sem lýst er í læknisvottorðum og ákæru, með þeim hætti að keyra annað hné sitt í andlit honum, en þetta gerðist í framhaldi af átökum, svo sem að framan er lýst. Er þetta brot á 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur ákærði ekki áður sætt refsingum, svo að kunnugt sé.

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga, en vegna ungs aldurs ákærða og þess, að hann hefur ekki áður sætt refsingu, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skaðabætur.

Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður hefur með bréfi, dagsettu 19. maí 1989, sett fram skaðabótakröfu á hendur ákærða í máli þessu. Er krafan sundurliðuð á eftirgreindan hátt:

„Tannviðgerðir	kr.	62.930
Vinnutap	kr.	19.394
Jakkaföt	kr.	22.000
Miski (ópægindi og lýti auk frekari tannviðgerða) ..	kr.	200.000
Samtals	kr.	304.324
Lögfræðikostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ	kr.	41.395
Bótakrafa samtals	kr.	345.719

ásamt dráttarvöxtum skv. lögum nr. 25/1987 um dráttarvexti, til greiðsludags.”

Af hálfu ákærða er bótakröfunni mótmælt. Með saknæmri háttsemi sinni í máli þessu er ákærði bótaskyldur fyrir sönnuðu tjóni vitnisins Ívars, en lagðar hafa verið fram nótur vegna tannviðgerðar. Verður sá liður kröf-

unnar því tekinn til greina. Til styrktar liðnum Vinnutap liggur frammi vottorð frá Iðnaðarbanka Íslands, að vitnið Ívar hafi verið frá störfum dagana 16.-20. janúar 1989 vegna veikinda. Kemur fram í vottorðinu, að laun hans hafi á þessu tímabili verið sú fjárhæð, sem fram kemur í kröfugerðinni. Hins vegar kemur ekkert fram um það, að vitnið Ívar hafi tapað þessum launum. Verður því af þeirri ástæðu þessum lið vísað frá dómnum. Ekkert kemur fram um það í málinu, að jakkaföt vitnisins hafi skemmst eða orðið ónýtt. Þeim lið verður því einnig vísað frá. Miskabætur vegna meiðslanna þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar 100.000 krónur. Ekki verður dæmt um lögfræðikostnað, þar sem dæmt er um kröfu þessa í opinberu máli.

Ákærði verður samkvæmt framansögðu dæmdur til þess að greiða Ívari Guðjónssyni, Seljabraut 24 í Reykjavík, 162.930 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 19. júní 1989 til greiðsludags.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hörður Valsson, sæti varðhaldi í 20 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Ívari Guðjónssyni, Seljabraut 24 í Reykjavík 162.930 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 19. júní 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur.